

1883

Föstudaginn 20. nóvember 1992.

Nr. 106/1992. Þorgrímur Eiríksson

gegn

Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Kærumál. Lögtaksúrskurður. Áfrýjunarheimild. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 6. mars 1992. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og hann sýknaður af kröfum varnaraðila. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Skilja verður kröfugerð varnaraðila svo, að hann krefjist staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

I.

Hinn 27. febrúar 1992 óskaði varnaraðili þess við bæjarfógetann í Garðabæ með vísun til 2. tl. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 54/1971 um Innheimtustofnun sveitarfélaga, að lögtak yrði gert í eignum sóknaraðila „til tryggingar meðlagsskuld með barninu ... Meðlags-skuld kr. NOK 29.321,85 + NOK ...“

Af hálfu bæjarfógeta var beiðnin árituð sama dag með svofelldum hætti: „Hér með úrskurðast lögtak til tryggingar framangreindri meðlagsskuld kr. NOK 29.321,85 + NOK auk vaxta og kostnaðar, að liðnum átta dögum frá birtingu úrskurðar þessa.“ Þetta er hinn kærði úrskurður, og var hann birtur eiginkonu sóknaraðila á heimili þeirra 3. mars 1992.

II.

Í 3. gr. laga nr. 29/1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, sem í gildi var, þegar framangreindum úrskurði var áfrýjað til Hæstaréttar, segir svo meðal annars:

„Nú vill maður lögtaks beiðast, og skal hann um það fógeta bréf rita ... Virðist fógeta eftir fram komnum gögnum lögtak mega fram fara, ritar hann úrskurð um það á lögtaksbeiðnina, þó að því tilskildu, að lögtaksbeiðandi hafi ábyrgð á, að skuldin sé rétt og verður þeim úrskurði einum sér eigi áfrýjað...“

Samkvæmt framansögðu brast lagaskilyrði til að áfrýja máli þessu, og ber að vísa því frá Hæstarétti.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðila 30.000 krónur í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Þorgrímur Eiríksson, greiði varnaraðila, Innheimtustofnun sveitarfélaga, 30.000 krónur í kærumálskostnað.
